

## Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á lagaákvæðum er varða tollkvóta við innflutning landbúnaðarafurða.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Á undan 2. gr. komi ný grein, svohljóðandi:  
Í stað orðanna „nr. 55/1987“ í 1. mgr. 31. gr. laganna kemur: nr. 88/2005.
2. Við 4. gr., er verði 5. gr.
  - a. Í stað orðanna „samkvæmt öðrum skuldbindingum“ í 1. efnismgr. komi: sem tilgreindir eru í 4. mgr. 12. gr. tollalaga er varða aðrar skuldbindingar.
  - b. Við 1. efnismgr. bætist nýr málslíður svohljóðandi: Úthlutun tollkvóta skal fara eftir ákvæðum 65. gr.
  - c. 2. efnismgr. falli brott.
3. Á eftir 4. gr., er verði 5. gr., komi tvær nýjar greinar, svohljóðandi:
  - a. (6. gr.)  
Eftirfarandi breytingar verða á 84. gr. laganna:
    - a. Í stað orðanna „nr. 55/1987“ í 8. mgr. kemur: nr. 88/2005.
    - b. Í stað orðanna „120. gr. A í tollalögum, nr. 55/1987“ í 9. mgr. kemur: 139. gr. tollalaga, nr. 88/2005.
  - b. (7. gr.)  
Í stað orðanna „120. gr.“ í 86. gr. laganna kemur: 138. gr.